

## Fundur 441

Mánudaginn 13. júní kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Sjávarsmiðjunni á Reykhólum. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs og Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og bar upp eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016
3. Fundargerðir lánanefndar
4. Staðfesting á nýjum innri endurskoðanda
5. Staða vinnu við gerð byggðaáætlunar
6. Sauðfjárrækt – skilgreining svæða
7. Staða fullnustueigna Byggðastofnunar
8. Erindi Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Að loknum fundi var fundað með sveitarstjóra og sveitarstjórn Reykhólahrepps og farið í heimsókn í Þörungaverksmiðjuna hf.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 440 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016

AP, SBS og EGK fóru yfir stöðu verkefna. Rekstrartölur vegna maí lágu ekki fyrir en verða sendar stjórn í vikunni.

SBS sagði frá ferð starfsmanna og fulltrúa atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga til Skotlands. Þá upplýsti hann að aflamark sem Byggðastofnun hefði til ráðstöfunar til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi er orðið varanlegt með breytingu á fiskveiðistjórnunarlögunum þann 2. júní sl. Byggðastofnun getur nú gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélag til allt að sex ára í senn. Þá sagði hann frá vinnu við byggðaáætlun en nánar er fjallað um það síðar á fundinum.

KB spurði um samræmd skýrsluskil atvinnuþróunarfélaganna. SBS svaraði því til að sum félögin væru ekki búin að halda sína aðalfundi og því ekki búin að taka saman yfirlit um störf þeirra.

### 3. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 15/16, 31. maí 2016*

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 16/16, 9. júní 2016*

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

### 4. Staðfesting á ráðningu innri endurskoðanda

AP og MH kynntu niðurstöðu útboðs á innri endurskoðun fyrir Byggðastofnun. Byggðastofnun bauð út innri endurskoðun fyrir stofnunina til fimm ára í örútbóði í samvinnu við Ríkiskaup. Eftirfarandi tilboð bárust:

- KPMG ehf. kr. 2.450.000,- án vsk. pr. ár
- Deloitte ehf. kr. 2.560.000,- án vsk. pr. ár
- Ernst og Young ehf. kr. 2.781.251,- án vsk. pr. ár
- PWC ehf. kr. 3.223.400,- án vsk. pr. ár

Lagt er til að samþykkt verði að ganga til samninga við KPMG og skipa Helgu Harðardóttur innri endurskoðanda Byggðastofnunar og að forstjóra verði veitt heimild til að skrifa undir samning við KPMG þar að lútandi.

Samþykkt samhljóða.

### 5. Staða vinnu við gerð byggðaáætlunar

SBS sagði frá vinnu við gerð byggðaáætlunar. Fundað hefur verið með samráðsvettvöngum allra landshluta nema höfuðborgarsvæðisins og flestum ráðuneytum. Verið er að vinna úr þeim hugmyndum sem þar komu fram. Næstu skref eru að skoða stefnur í ráðuneytunum og athuga með snertifleti við byggðaáætlun.

Ráðgjafarráð sem fulltrúar atvinnulífs og skóla tilnefndu fulltrúa í kemur saman til fundar í næstu viku, en kynjahalli í ráðinu hefur valdið vonbrigðum.

Gögn um byggðaáætlun hefur verið sett á heimasíðu stofnunarinnar. Komu fram ábendingar um að kynna það vel.

Stjórn leggur mjög ríka áherslu á að ætíð sé gætt að jöfnum kynjahlutföllum í ráðir, stjórnir og nefndir á vegum stofnunarinnar.

Fundi frestað kl. 10:45 og framhaldið kl. 11:00

## 6. Sauðfjárrækt – skilgreining svæða

AP og SBS kynntu tillögu að svæðum sem háðust eru sauðfjárrækt og reglum um úthlutun stuðnings. Með bréfi dagsettu 16. mars 2016 fór Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið formlega þess á leit að Byggingastofnun gerði tillögu að skilgreiningu á þeim svæðum sem eiga skulu kost á svæðisbundnum stuðningi í sauðfjárrækt og hvernig útdeilingu svæðisbundins stuðnings skuli háttað milli framleiðenda á hinum skilgreindu svæðum.

Við vinnslu tillagna að svæðum sem háðust eru sauðfjárrækt var fyrst og fremst horft til þess hvort staðsetning býlis sé með þeim hætti að auðvelt sé um vinnusókn í stærra þéttbýli. Því stærra sem þéttbýlið er því því lengra út frá því er möguleg vinnusókn talin.

Lagt er til að:

- sauðfjárbændur á lögbýlum í innan við 100 km. akstursfjarlægð frá Reykjavík eigi ekki rétt á svæðisbundnum stuðningi.
- sauðfjárbændur á lögbýlum í innan við 50 km. akstursfjarlægð frá þéttbýlistöðum sem telja meira en 10.000 íbúa eigi ekki rétt á svæðisbundnum stuðningi. Þeir eru nú: Akureyri og Keflavík/Njarðvík.
- sauðfjárbændur á lögbýlum í innan við 20 km. akstursfjarlægð þéttbýlisstöðum, sem eru með yfir 1.000 íbúa, eigi ekki rétt á svæðisbundnum stuðningi. Þeir eru nú: Akranes, Borgarnes, Stykkishólmur, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Dalvík, Húsavík, Egilsstaðir, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Höfn, Vestmannaeyjar, Selfoss, Hveragerði, Þorlákshöfn, Grindavík, Sandgerði, Garður og Vogar.

Vísast um nánari afmörkun til korts sem fylgir en endanleg afmörkun er í höndum Matvælastofnunar.

Til þess að eiga rétt á greiðslum þarf sauðfjárbóndi að vera búsettur á lögbýli utan þeirra svæða er að framan greinir.

Þá þarf sauðfjárbóndi að hafa átt 400 ær eða meira samkvæmt forðagæsluskýrslu næstliðið haust.

Fjárhæðir sem til úthlutunar eru skulu skiptast jafnt á milli þeirra aðila sem rétt eiga á greiðslum.

Stjórnin samþykkir samhljóða tillögurnar miðað við þann samningi sem nú liggur fyrir.

## 7. Staða fullnustueigna Byggðastofnunar

HÁ fór yfir viðhaldspörf nokkurra fullnustueigna stofnunarinnar. Nauðsynlegt er að fara í framkvæmdir á Vallarási 7-9 Borgarnesi, Sandhorni í Hrísey, Héðinsbraut 4 á Húsavík, Hafnarbraut 15 á Dalvík, Sjóráningjahúsinu á Patreksfirði og að Sólvöllum á Breiðdalsvík. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði í stórum dráttum í samræmi við það sem er áætlað var í rekstraráætlun vegna fullnustueigna fyrir árið 2016.

## 8. Erindi Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum

Bréf hefur borist frá forstjóra Þörungaverksmiðjunnar hf. til stjórnar Byggðastofnunar þar sem lýst er miklum áhyggjum vegna nýs frumvarps til laga um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

Þörungaverksmiðjan telur að frumvarpið muni hafa mikil áhrif á rekstur Þörungaverksmiðjunnar sem unnið hefur úr þangi og þara í Breiðafirði í meira en 40 ár. Er þess óskað að Byggðastofnun bæði sem hluthafi og ábyrgur aðili um byggð í landinu geti stutt við bakið á verksmiðjunni og haft áhrif þannig að óþarfa slysi verði afstýrt.

Stofnunin mun skila umsögn um frumvarpið þar sem lögð er áhersla á mikilvægi verksmiðjunnar í atvinnulífi svæðisins og hvatt er til að umgengni við auðlindina byggji á traustum vísindalegum grunni og sjónarmiðum um sjálfbæra nýtingu. Vakin er athygli á að Byggðastofnun á 27% eignarhlut í félaginu.

## 9. Önnur mál

### *Fundaáætlun*

Forstjóri kynnti áætlun um fundi stjórnar fram að næsta aðalfundi. Lagt er til að fundirnir verði á eftirtöldum dögum:

- Föstudagur 26. ágúst 2016
- Mánudagur 19. september 2016
- Föstudagur 21. október 2016
- Föstudagur 18. nóvember 2016
- Föstudagur 9. desember 2016
- Föstudagur 20. janúar 2017
- Föstudagur 17. febrúar 2017
- Föstudagur 24. mars 2017
- Föstudagur 21. apríl 2017, ársfundur

Samþykkt samhljóða.

### *Árneshreppur*

AÐ upplýsti um að hann hefði talaði við formann fjórðungssambands Vestfjarða um málefni Árneshrepps. Áætlaði hann að taka erindi hreppsins upp á fyrirhuguðum fundi hans og innanríkisráðherra.

**10. Næsti fundur**

Næsti fundur verður föstudaginn 26. ágúst nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:12  
Magnús Helgason fundarritari
